

# Nýall og Sannýall

## I.

Það er svo oft, sem verið er að spyrja mig um Nýal, að ástæða virðist til að ætla að mörgum sje nokkur hugur á að eignast þá bók, og því ekki vanþörf á nokkrum orðum til leiðbeiningar. Það er aðeins fyrsta heftið af Nýal, sem nú er orðið ófáanlegt. Ær þar um að ræða nokkurskonar inngang (Ouverture) verksins, og heitir „Hið mikla samband“. Það sem þá er eftir af bókinni, 2. og 3. heftið, 412 bls.), fæst enn þá í bókabúð hjá Guðm. Gamalielssyni í Lækjargötum. Er engin ástæða til, fyrir þá, sem á annað borð vilja eignast þetta verk, að fá sjer ekki þessar 412 bls. Fyrsta heftið, 112 bls., mun verða endurprentað innan skamms.

## II.

Þess má geta um leið, að i hinni nýúkomnu bók minni Sannýal, eru ekki einungis ritgerðir, heldur einnig alllöng saga, meira að segja ástarsaga. Og í suðra augum a. m. k., mun það ekki spilla, að sagan er sönn, bó að býsna furðuleg sje. Og þó að ótrúlegt kunni að þykja, þá er það nú samt satt, að sumt er í þeirri sögu þannig vaxið, að enginn er sá maður, að það muni ekki hafa nokkur áhrif á framtíð hans, hvort honum er kunnugt um það, eða ekki.

Hver hefir til síns ágætis nokkuð, er fornt spakmæli, og lesendur bóka minna geta ekki haft þeirra full not, fyr en þeir vita, að það sem jeg hefi helst til míns ágætis, er nú einmitt að vera í ólygnasta lagi, líkt og sagt var til forna um Njal, og nokkru síðar, Stjörnu-Odda. En af þeim stórmerkilega stjörnuspeking, hefir oss altof lítið sagt verið, vegna þess að hann átti ekki í deilum og vígafelum, og var ekki skáld.

nov.

Helgi Pjeturss.